

Niðurstöðukafli í máli nr. S-235/2018 til birtingar í samráðsgátt stjórnvalda

Tvær umsagnir bárust um frumvarpsdrögin, önnur þeirra frá einstaklingi um að eðlilegt væri að íslenskir sjúkraliðar fengju starfstítilinn hjúkrunarfræðingur. Með lagafrumvarpinu er ekki verið að fjalla um tilteknar námsleiðir eða breytingar á starfsheitum og ekki heldur verið að gera grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Réttur einstaklinga til viðurkenningar er hinn sami og áður, en tekin eru skref til að tryggja að framkvæmdin verði einfaldari og skjótvirkari og ætlunin að setja almenna reglugerð í framhaldi af gildistöku laganna, auk þess að skýra nánar einstök ákvæða laganna. Seinni umsögnin frá embætti Landlæknis laut að ábendingu um þörf fyrir aukinn mannafla embættisins og kostnaðarauka sem því fylgir. Brugðist var við þeirri umsögn með auknu fjármagni til embættis Landlæknis til að mæta fyrirsjáanlegum kostnaðarauka sem frumvarpið fól í sér. Frumvarpið var samþykkt á 150. löggjafarþingi og tóku lögin gildi 12. mars 2020.